

# Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 9. maí 1992 og að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 frá 17. desember 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1212 frá 25. júlí 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlaðar málsmeðferðir og form fyrir framlagningu upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB.

---

*Samþykkt á Alþingi 2. maí 2019.*